

AUGLÝSING

um staðfestingu samþykktar fyrir byggðasamlagið Húsakynni bs.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt fyrir byggðasamlagið Húsakynni bs. en stofnendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er tilgangur þess að annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu, sbr. viðauka I með samþykktinni, og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Jafnframt annast byggðasamlagið rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem eru í eigu byggðasamlagsins og önnur verkefni sem aðildarsveitarfélögin eru sammála um að fela því.

Innviðaráðuneytinu, 10. júní 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT fyrir byggðasamlagið Húsakynni bs.

1. gr.

Byggðasamlagið.

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur og forverar þeirra hafa frá 17. nóvember 1999 átt aðild að byggðasamlagi um rekstur fasteigna sem nýttar hafa verið til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna sem heitir Húsakynni bs. Samþykkt byggðasamlagsins frá 15. desember 2015 hefur verið tekin til endurskoðunar með þessari nýju samþykkt. Heimili og varnarþing byggðasamlagsins er í Rangárþingi ytra.

2. gr.

Ábyrgð og eignarhluti.

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar næst á undan því að ábyrgðin verður virk. Eignarhluti hvors sveitarfélags í byggðasamlaginu miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Þær fasteignir sem byggðasamlagið annast rekstur á og voru eign sveitarfélaganna (að hluta ríkisins) við stofnun byggðasamlagsins verða áfram eign sveitarfélaganna í sömu hlutföllum og viðbætur við þær enda séu fjárframlög sveitarfélaganna (og ríkisins sem eiganda) til þeirra í samræmi við þau hlutföll.

3. gr.

Verkefni.

Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu að annast rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem sveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu, sbr. viðauka I með samþykkt þessari, og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna.

Jafnframt annast byggðasamlagið rekstur, viðhald og útleigu fasteigna sem eru í eigu byggðasamlagsins og hefur byggðasamlagið heimild til þess að fengnu samþykki sveitarstjórnanna að selja þær fasteignir að undangenginni opinberri auglýsingu berist viðunandi tilboð í þær að mati

stjórnar byggðasamlagsins. Enn fremur annast byggðasamlagið önnur verkefni sem sveitarstjórnirnar eru sammála um að fela því.

4. gr.

Skipan stjórnar.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Jafnframt skulu skipaðir þrír varamenn úr hópi aðal- eða varamanna í sveitarstjórn. Stjórnarmenn skulu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi hvers kjörtímabils og skal kjörtímabil stjórnarinnar vera hið sama og sveitarstjórnanna. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Þegar stjórnin fjallar um málefni fasteigna/eigna sem Húsakynni bs. annast rekstur á og eru að meirihluta í eigu Ásahrepps getur sá stjórnarmaður sem kjörinn er af Ásahreppi óskað eftir að varamaður skipaður af Ásahreppi taki sæti með honum í stjórninni sem fullgildur stjórnarmaður. Stjórnin er þá skipuð fjórum mönnum í þessum tilvikum og verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála telst tillagan felld og regla 5. gr. um aukið vægi atkvæðis formanns skal ekki gilda í þessum málum. Að öðru leyti skal þá fylgja niðurlagi 1. mgr. 5. gr. um framhald málsins.

Sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna eiga rétt til setu á fundum stjórnar byggðasamlagsins með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjóri annars hvors sveitarfélagsins fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins og tekur stjórnin ákvörðun um það í upphafi kjörtímabils hennar. Stjórninni er þó heimilt að ráða annan sem framkvæmdastjóra byggðasamlagsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk byggðasamlagsins og gerir við það ráðningarsamninga þar sem kveðið er á um starfskjör, réttindi og skyldur í starfi.

Starfsmenn byggðasamlagsins og aðrir sem það ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega hefur verið til hans boðað og meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Við afgreiðslu mála skulu stjórnarmenn leggja sig fram um að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til atkvæðagreiðslu kemur og atkvæði falla jöfn þá gildir sú regla að atkvæði formanns sker úr. Á það við um hefðbundin viðfangsefni stjórnar og að öllu jöfnu, en óski stjórnarmaður eftir þá ber að vísa viðkomandi úrlausnarefni til sveitarstjórna beggja sveitarfélaganna til umræðu milli stjórnarfunda.

Stjórnin heldur að jafnaði 3-6 fundi á ári. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Fundarboð skal berast stjórnarmönnum og áheyrnarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Boðun funda skal fara fram með rafrænni tilkynningu á netfang fundarmanna. Fundargögn skulu gerð aðgengileg með rafrænum hætti. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg eru til að fundarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Hver stjórnarmaður getur krafist aukafundar. Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur sólarhringum eftir að ósk þar um berst formanni stjórnar. Fundarboð vegna aukafundar skal sent svo fljótt sem auðið er ásamt fundargögnum og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Aðalmenn bera ábyrgð á boðun varamanna. Stjórnarfundir skulu skráðir og afrit af fundargerðum send sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

6. gr.

Fjármál.

Allar ákvarðanir stjórnar byggðasamlagsins sem hafa fjárhagslegar skuldbindingar í för með sér fyrir aðildarsveitarfélögin skulu vera innan sundurliðaðrar fjárhagsáætlunar viðkomandi rekstrarárs, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Í sundurliðun fjárhagsáætlunar skal koma fram flokkun áætlaðra útgjalda til einstakra liða svo sem launakostnaðar, helstu þátta rekstrarkostnaðar, kaupa og viðhalds búnaðar og fjárfestinga. Telji stjórn byggðasamlagsins þörf á að færa kostnað milli liða eða verkefna innan rekstrarársins er henni

heimilt að gera það enda fari tilfærslur á árinu milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar ekki yfir eina milljón króna og tilfærslur milli verkefna vegna kaupa og viðhalds búnaðar eða fjárfestinga ekki yfir fimm milljónir króna. Gera skal sérstaka grein fyrir þessum tilfærslum í ársreikningi byggðasamlagsins.

Stjórnin getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Ef þörf er á fjárframlögum umfram það sem heimildir fjárhagsáætlunar leyfa umfram heimildir til millifærslna, þarf að gera viðauka við fjárhagsáætlun sem þarf að öðlast samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til að taka gildi. Sama gildir um stofnun ábyrgða byggðasamlagsins sem skuldbinda sveitarfélögin.

Stjórn byggðasamlagsins ber að skila drögum að fjárhagsáætlun næsta árs til aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 1. október ár hvert þar sem gerð er grein fyrir fjárþörf byggðasamlagsins vegna komandi árs. Með drögum að fjárhagsáætlun skulu jafnframt fylgja drög að gjaldskrá byggðasamlagsins sem samþykkt skal af báðum sveitarstjórnunum.

Tekjur byggðasamlagsins eru framlög sveitarfélaganna eins og þau eru tilgreind í samþykkttri fjárhagsáætlun og leigugreiðslur samkvæmt gjaldskrá eða samningum.

Stjórnin skal fylgjast með að rekstur byggðasamlagsins sé innan fjárheimilda og bregðast við ef út af ber.

Stjórninni er heimilt að semja við aðildarsveitarfélag um þjónustu við byggðasamlagið, s.s. fjármálalega umsýslu.

Stjórninni er heimilt að semja við einkaaðila um framkvæmd á afmarkaðri þjónustu og öðrum verkefnum fyrir byggðasamlagið, þ.m.t. verklegar framkvæmdir, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins og fylgt hafi verið þeim reglum sem gilda um opinber innkaup eftir því sem við á um útboð verkefna. Við samninga samkvæmt þessu ákvæði skal gætt ákvæða 2. mgr. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Stjórnin staðfestir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins með samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. laga nr. 138/2011.

Sendi skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til beggja aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Endurskoðun samþykktar og slit byggðasamlagsins.

Samþykkt þessi skal endurskoðuð verði breytingar á verkefnum sem byggðasamlagið skal sinna. Breytingar á samþykkt byggðasamlagsins þarfnast samþykkis sveitarstjórna beggja aðildarsveitarfélaganna á lögmatum sveitarstjórnarfundi. Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili, sbr. 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hvort sveitarfélag getur sagt upp aðild að byggðasamlaginu með tveggja ára fyrirvara miðað við áramót. Um úrsögn sveitarfélags úr byggðasamlaginu eða slit þess fer að öðru leyti eftir 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

8. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi skal hljóta staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna og staðfestingu innviðaráðuneytisins. Samþykktin öðlast gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir Húsakynni bs. frá 15. desember 2015. Núverandi stjórn heldur umboði sínu til loka yfirstandandi kjörtímabils.

VIÐAUKI I
Fasteignir sem byggðasamlagið annast rekstur á og eignarhald þeirra, sbr. 3. gr. samþykktarinnar.

Fastanúmer	Heiti eignar	E.hl. Á	E.hl. Ry	E.hl. ríkis	Lóð
219-7249	Íbúð skólastjórabústað	8,33%	16,66%	75%	165106
219-7246	Laugalandsskóli	33,33%	66,66%	0%	165105
221-6598	Veiðihús 1993	57%	43%	0%	173157
221-6602	Veiðihús 1980	57%	43%	0%	173157
219-6684	Réttarnes, land	5,68%	94,32%	0%	
219-6684	Réttarnes	25,00%	75,00%	0%	165002
234-2973	Meiri-Tunga, gámastöð	25%	75%	0%	200489
219-6285	Suðurlandsvegur 3	3%	12%	85%	
-	Hvanngiljahöll - skáli á Holtamannafrétti	57%	43%	0%	
-	Illugaver - skáli á Holtamannafrétti	57%	43%	0%	
-	Gásagustur - skáli á Holtamannafrétti	57%	43%	0%	

B-deild – Útgáfudagur: 27. júní 2022